



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi, 28. október 2014

Efni: Umsögn Verkalýðsfélags Akraness um 18. mál á 144. löggjafarþingi.
Útreikningur nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Verkalýðsfélag Akraness styður og fagnar þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar.

Það er mjög mikilvægt fyrir aðila vinnumarkaðarins að fá ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili sem hafin verða yfir allan vafa. Umtalsverður ágreiningur hefur því miður verið um þau neysluviðmið sem notast hefur verið við enda vantar til dæmis stóra pósta inn í aðferðafræðina sem notuð hefur verið fram til þessa við útreikning neysluviðmiða og er þar húsnæðisliðurinn langstærstur.

Það skiptir miklu máli fyrir verkalýðshreyfinguna að fá ný neysluviðmið sem hafin verða yfir allan vafa. Það gengur ekki upp að hér sé verið að semja um lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði sem duga á engan hátt fyrir lágmarksframfærslu sem hið opinbera hefur gefið út. Það er mikilvægt að þessi neysluviðmið verði eins og áður sagði hafin yfir allan vafa þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti einbeitt sér að því að skapa hér launakjör sem tryggja íslensku lágtekjufólki að lifa á þeim launum sem neysluviðmiðin kveða á um en slíku er ekki til að dreifa í dag.

Á nýafstöðnu þingi Alþýðusambands Íslands var meðal annars samþykkt ályktun þar sem fram kemur að hækka þurfi lágmarkslaun á Íslandi þannig að þau dugi fyrir lágmarksframfærslu. Á þessari forsendu meðal annars er mikilvægt að fá ný neysluviðmið þannig að aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafi betra land undir fótum til að sjá hversu mikið lágmarkslaun á Íslandi þurfi að hækka þannig að þau uppfylli lágmarks framfærsluviðmið.

Verkalýðsfélag Akraness ítrekar fullan stuðning við það að gerður verði útreikningur á nýjum neysluviðmiðum fyrir íslensk heimili með hagsmuni íslensks verkafólks að leiðarljósi.

Virðingarfyllt
f.h. Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Birgisson, formaður